

**Ed.**

**302. Frumvarp til laga**

**[150. mál]**

um breytingu á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 26. maí 1981.

(Eftir 2. umr. í Ed., 12. des.)

1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveðið hámark þess afla sem veiða má af einstökum fiskstofnum og sjávardýrum á ákveðnu tímabili eða vertíð. Ráðherra getur ákveðið skiptingu afla sem veiða má úr einstökum fiskstofnum og sjávardýrum á ákveðnu tímabili eða vertíð. Ráðherra getur ákveðið skiptingu þessa hámarksafla milli ákveðinna gerða veiðarfæra, gerða fiskiskipa og einstakra skipa. Getur ráðherra ákveðið skiptingu hámarksafla milli skipa, m. a. með hliðsjón af fyrri veiðum skipa, stærð þeirra eða gerð. Við úthlutun á aflamarki til skipa, sem fengið hafa sérstök leyfi til veiða á ákveðnum tegundum sjávarafla, er heimilt að taka tillit til heildaraflaverðmætis.

Ráðherra getur og sett reglur um leyfilegan fjölda sóknardaga tiltekinna gerða fiskiskipa og einstakra skipa og með tilteknum veiðarfærum í ákveðna nytjastofna. Við ákvörðun fjölda sóknardaga er ráðherra heimilt að taka mið af fyrri sókn tiltekinna gerða fiskiskipa og einstakra skipa.

Ráðherra getur heimilað framsal úthlutaðs aflamarks og sóknardaga og sett reglur um skilyrði framsals og riftun þess telji hann ástæðu til.

Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis um framkvæmd á ákvæðum greinar þessarar og skal nefndunum gerð grein fyrir reynslu og árangri aðgerða á hverjum tíma.

2. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu dragnótaveiðar heimilaðar samkvæmt sérstökum leyfum ráðherra. Ráðherra getur bundið leyfi þessi og úthlutun þeirra þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja.

3. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að veiðar á ákveðnum tegundum fiskstofna og sjávardýra, veiðar í tiltekin veiðarfæri, þ. á m. botn- og flotvörpu, eða veiðar ákveðinna gerða skipa skuli háðar sérstökum leyfum. Getur ráðherra bundið leyfin og úthlutun þeirra þeim skilyrðum er þurfa þykir. Getur ráðherra m. a. ákveðið að aðeins hljóti leyfi ákveðinn fjöldi skipa, skip af ákveðinni stærð eða gerð eða skip er tilteknar veiðar hafa stundað.

4. gr.

1. mgr. 18. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn öðrum reglum, sbr. 17. gr., settum samkvæmt lögum þessum eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum, 2 000—14 000 gullkr., sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, og upptöku afla samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla, eftir því sem við á. Ef brot falla ekki undir ákvæði þeirra laga skal um upptöku afla og veiðarfæra fara svo sem greinir í 17. gr. ef um ítrekað brot er að ræða.

5. gr.

Aftan við ákvæði til bráðabirgða komi:

Ákvæði til bráðabirgða II.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. l. 81/1976, með áorðnum breytingum, skulu botnvörpuveiðar heimilaðar á vannýttum fisktegundum á ákveðnum svæðum samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðherra setur.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985 og gilda til ársloka 1985.